



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/977*  
*komudagur 7.2.2014*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 7. febrúar 2014

1401059SA ÞBJ  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku - 237. mál**

Vísað er til tölvupósts dags. 23. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Frestur var veittur til 7. febrúar.

#### **Almennt um frumvarpið**

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku að lagt verði svokallað jöfnunargjald á þá raforku sem fer um dreifikerfi dreifiveitna með það að markmiði að standa undir fullri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Þar er átt við heimili og fyrirtæki sem fá raforku sína beint frá dreifiveitum. Miðað er við að gjaldið verði lagt á í jöfnum áföngum og tekjur af gjaldinu verði á árinu 913 m. kr. á árinu 2016, þegar gjaldtakan kemur að fullu til framkvæmda. Fram kemur í kaflanum um mat á áhrifum frumvarpsins í almennum athugasemdum við frumvarpið að áhrif hins fyrirhugaða jöfnunargjalds verði þau að meðaltalshækkun raforkureiknings hins almenna notanda í þéttbýli verði um 2,4% eða 150-160 kr. á mánuði miðað við 30 aura á kílóvattstund. Raforkukostnaður í dreifibýli muni hins vegar lækka um 8,3% eða 730-890 kr. á mánuði.

Í lögum nr. 98/2004 segir í 1. gr. að markmið laganna sé að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Sambandið telur mikilvægt að munur á kostnaði vegna dreifingar raforku sé jafnaður en tekur ekki afstöðu til þess með hvaða hætti staðið er að fjármögnun þess verkefnis. Ljóst er að það fjármagn sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2014, 240 m.kr., mun ekki nægja til að ná markmiðum laga nr. 98/2004. Eins og fram kemur í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið þá nægðu 230 m.kr. til fullrar jöfnunar kostnaðar á árinu 2005 en frá þeim tíma hafa gjaldskrár dreifiveitna hækkað umtalsvert, m.a. vegna almennra vísitöluhækkana og er nú gert ráð fyrir að kostnaður við fulla jöfnun sé um 1 ma.kr. samkvæmt áætlunum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

#### **Ábendingar og athugasemdir sambandsins**

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að jöfnunargjald renni í ríkissjóð. Tekjur af jöfnunargjaldinu munu því ekki teljast til svonefndra markaðra tekna heldur er framlag ákveðið í fjárlögum ár hvert. Í því ljósi leggur sambandið áherslu á að tryggt verði að því fjármagni sem skilar sér í



ríkissjóð vegna jöfnunargjaldsins, verði frumvarp þetta að lögum, verði að öllu leyti varið til verkefnisins.

Sambandið gerir sérstaka athugasemd við að innheimta jöfnunargjalds sé fyrirhuguð í mars 2014 vegna þess árs. Eðlilegra væri að gjaldtaka hefjist ekki fyrr en á árinu 2015 þar sem orkufyrirtæki höfðu eðli málsins samkvæmt ekki möguleika á að gera ráð fyrir þessari gjaldtöku í fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 2014.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs